

Íslenskur iðnaðir



12. tölublað 18. árg.

Desember 2012

Samtök iðnaðarins **SI**

*Samtök iðnaðarins óska
félagsmönnum sínum og öðrum
lesendum gleðilegra jóla, árs og
fríðar. Megi komandi ár færa
gæfu og velgengni.*



Mat opinberra verkkaupa á hæfi bjóðenda í útboðum á verkframkvæmdum

Undirrituð var yfirlýsing þann 10. desember 2012 af Framkvæmdasýslu ríkisins, Samtökum iðnaðarins, Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar og Vegagerðinni um hæfi bjóðenda í útboðum á verkframkvæmdum. Verkkauparnir lýsa því jafnframt yfir að þeir muni vinna í samræmi við ákvæði þessa skjals í útboðum á þeirra vegum. Mati opinberra verkkaupa á hæfi bjóðenda í útboðum á verkframkvæmdum er ætlað að tryggja að verktakar búi yfir þeirri tæknilegu og fjárhagslegu getu sem nauðsynleg er.

Opinberir verkkaupar munu í útboðsgögnum setja fram samræmdar kröfur til bjóðenda um skil á upplýsingum og öðrum gögnum með tilboðum til staðfestingar á hæfi. Þær upplýsingar eru grundvöllur hæfismatsins. Mat opinberra verkkaupa á við um þau verk sem eru útboðsskyld samkvæmt lögum um opinber innkaup og þau verk sem falla undir útboðsskyldu skv. innkaupareglum sveitarfélaga.



Talið frá vinstri, Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri, Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri hjá Reykjavíkurborg, Óskar Valdimarsson, forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins og Orri Hauksson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

bls. 2




Leiðari:
Leynivopnið
er traust

bls. 3



Iðning
2013

bls. 4



bls. 5



Hægir á
hagvexti
og óvissa
framundan

bls. 8

Íslensk iðnfyrirtæki munu
bera stærstan hluta
vörugjalda á matvæli

Leynivopnið er traust



Orri Hauksson
framkvæmdastjóri SI

„The country has one of the world's most attractive and reliable tax regimes. The stable political, economic and social environment provides the required predictability to investors and businesses. The tax administration is easily accessible to market players and adopts a pro-business attitude.“

Þessa umsögn er að finna á vefsíðu hins alþjóðlega endurskoðunar- og ráðgjafarfyrtækis Ernst & Young. Þar er þó ekki átt við Ísland, eins ánægjulegt og það nú væri. Þarna er lýst viðskipta- og skattaumhverfi Lúxemborgar. Landsframléiðsla á mann þar hefur árum saman verið sú mesta í heimi og mælist nú um tvöfalt meiri en hér á landi. Þar hefur um langa hríð verið önnur af fjármálamiðstöðvum álfunnar. Ísland á ekki að reyna að keppa á því sviði við hið landlukta borgríki í miðri Evrópu. Hér á landi eru tækifærin næg en býsna frábrugðin þeim sem Lúxemborg hefur nýtt sér. Hins vegar er gráupplagt að hnupla lykilateirunum úr efnahagsáætlun þessa auðuga smárikis. Þau eru fyrirsjáanleiki, stöðugleiki, orðheldni og traust.

Ólíkt hafast menn að

Við Austurvöll og allt umhverfis Arnarhól sinna íslenskir stjórn mála- og embættismenn nú sínum árlegu aðventuverkefnum. Þau felast í að breyta skattkerfinu sem hér á að gilda innan nokkurra vikna. Í þetta sinn á meðal annars að hækka matarskatta, ferðamannaskatta, fjármálaskatta, orkusatta og tryggingarskatta á vinnu fólks. Á annað hundrað skattbreytingar hafa verið gerðar hér á landi síðastliðin þrjú og hálf ár. Flestar hafa þær legið fyrir í endanlegri útfærslu skömmu áður en þær hafa komið til framkvæmda. Þetta vinnulag hefur skapað tímabundin uppgrip hjá þeim sem veita skattaráðgjöf og breyta upplýsingakerfum fyrirtækja. Erfitt er að koma auga á fleiri jákvæða fylgifyrsta.

Strembið verkefni stjórnvalda

Núverandi stjórnvöld tóku við þungri stöðu þjóðarþúsins nokkrum mánuðum eftir bankahrun. Stærstu ákvarðanirnar höfðu að vísu þegar verið teknar. Sett höfðu verið neyðarlög sem vörðuðu stýrt fall stóru bankanna. Gerð hafði verið áætlun um efnahagsstjórn og fjár-

mögnun hins opinbera í samvinnu við AGS. Verkefni stjórnvalda var samt sem áður harðdrægt frá fyrsta degi vorið 2009. Þá þurfti að lækka útgjöld ríkisins og afla því umtalsverðra tekna í skuldsettu hagkerfi. Stjórnvöld hafa mætt almennum skilningi í þessari viðleitni sinni og lagt mýmargt á sig til að hægja á skuldsetningu ríkissjóðs. Sumar ráðstafanir hafa reynst býsna sársaukafullar og ekki til vinsælda fallnar, fremur en búast mátti við. En þótt verkefni séu vandasöm á ekki að skoða vinnubrögðin með gagnrýnislausum hætti. Svo vill til að stjórnvöld hafa ítrekað neitað sér um heilbrigðar tekjur sem fylgja auknum umsvifum í hagkerfinu. Ráðamenn hafa einnig heykt á að ráðast í afmarkaðar kerfisbreytingar á ríkisrekstrinum, breytingar sem draga úr útgjaldaprýstingi til frambúðar.

Niðurskurður sagður að baki

Um þessar mundir lýsa stjórnvöld því ítrekað yfir að ríkulegur árangur hafi náðst í ríkisfjármálum. Svo rösklega hafi verið gengið til verks að nú þurfi ekki að skera meira niður. Halli á rekstri ríkissjóðs sé að hverfa, nú megi stíga af bremsunni og leggja góðum málum til myndarlegt fé, svo sem hækka barnabætur og setja á fót verkefnið *Grænkun íslenskra fyrirtækja*. En við þessa frásögn er ýmislegt að athuga. Áfram er gripið til stórfelldra handahófskenndra skattahækkana á elleftu stundu sem er ekki vísbending um sjálfbær fjármál. Árin 2009-2012 hefur ríkissjóður að meðaltali verið rekinn með um 100 milljarða árlegum halla og rekstur ríkisins sl. þrjú ár farið tugi milljarða fram úr fjárlögum á hverju einasta ári. Reyndar er það svo að við samþykkt undangenginna fjárlaga hefur risastórum fyrirsjáanlegum útgjaldaliðum ávallt verið haldið utan fjárlaga þótt útgjöldin hafi svo komið til, svo sem greiðslur til sjóða og fjármálafyrirtækja sem ríkið hefur gengist í ábyrgð fyrir. Fjárlög ársins 2013 eru þar engin undantekning. Til að mynda liggur fyrir að stoppa þarf upp í tugmilljarða gat Íbúðalánasjóðs á árinu. Þessara augljósu ráðstafana sér ekki stað í fjárlögum, ekki frekar en t.d. SpKef fyrir ári. Þar við bætist að tekjuforsendur fjárlaganna eru vísvitandi of bjartsýnar. Þar er enn miðað við hagvaxtarspá Hagstofunnar frá miðju

ári 2012 sem síðan hefur verið færð niður.

Gott orðspor er verðmætasta eignin

Eftir að árið 2010 hafði runnið sitt skeið kallaði forsætisráðherra það ár „týnda árið.“ Hrósa má ráðherra fyrir hrein skilnina því að það reyndist því miður réttnefni. Frá því um mitt ár 2009 fram á árið 2011 töldu fjárfestar, lánveitendur og viðskiptavinir íslenskra fyrirtækja að fjármálakreppan í Vesturheimi væri að mestu afstaðin. Síðar kom í ljós að það var misskilningur. Það breytir ekki því að um langt skeið var afar auðvelt að fjármagna ýmis útflutningsverkefni og gera hagstæða viðskiptasamninga til langs tíma. Þá eins og nú var raungengið lágt á Íslandi og kjörið að hleyppa af stað fjárfestingu í landinu, efla útflutningsgetu atvinnulífsins og auðvelda hagkerfinu að vinda ofan af skuldastöðu sinni. Í mörgum smáum þáttum var jafnframt hægt að nýta kreppuna til að hagræða varanlega í rekstri ríkisins í stað þess að fresta aðeins fjárfestingum og útgjöldum sem síðar verða enn kostnaðarsamari. Samtök iðnaðarins hafa ítrekað lagt til aðgerðir til að auka hagræði í opinberum rekstri til langs tíma, aðgerðir sem um leið hefðu aukið styrk og útflutningshæfni íslensks atvinnulífs.

Það er sárt að hafa misst af efnahagslegum tækifærum á undanförunum árum. Framtíðin er hins vegar verðugra viðfangsefni en fortíðin. Ísland er á fimmta ári frá bankahruni þegar trúverðugleiki landsins beið mikinn hnekki í einu vetfangi. Þótt svo langt sé um liðið hefur landið ekki byrjað að geisla frá sér orðheldni eða fyrirsjáanleika á ný, allra síst úr skatta- og fjárfestingarumhverfinu. Hin hagræna ára landsins er full tortryggni og engin vísu ríkir um að orð muni standa. Frá og með árinu 2013 er kjörið að byrja að snúa þessu til betri vegar, leggja á ný ríka áherslu á trúverðugleika, inn á við og út á við. Það tekur langan tíma að byggja upp traust en með trausti má skapa mikil verðmæti eins og íbúar Lúxemborgar vita vel.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár!



Iðnþing 2013

Iðnþingið verður haldið fimmtudaginn
14. mars og hefst með aðalfundi.

Dagskrá Iðnþings er í undirbúningi
og verður kynnt þegar nær dregur.

Árshófið verður haldið föstudaginn
15. mars á Grand Hótel Reykjavík í
veislusalnum Gullteigi og hefst
kl. 19.30 með fordrykk í boði SI.

Nýir félagsmenn SI

Urta Islandica
Austurgötu 47
220 Hafnarfirði

Atlantic Green Energy
Breiðbraut 669
235 Keflavík

Ístex hf. - Íslenskur
textíliðnaður
Völuteigi 6
270 Mosfellsbæ

ArcTract ehf.
Eyrargötu 2
400 Ísafirði

Svipmyndir frá árshófi SI haldið á Grand Hóтели 16. mars



Nýkjörinn formaður SI
Svana Helen Björnsdóttir



Veislustjóri Kolbeinn
Kolbeinsson



Ræðumaður
Tómas Már Sigurðsson



Ari Eldjárn og Jóhann Alfreð Kristinsson skemmtu gestum



Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
12. töl. 18. árg. Desember 2012
ISSN 1022-7741
För í prentsmiðju: 18.12.2012
Prentvinnsla: Prenttækni ehf.
Plastpökkun: Bjarkarás
Ljósmyndir: Odd Stefán
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Orri Hauksson
Ritstjóri: Rakei Pálsdóttir
Prófarkalestur: Rakei Pálsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði
í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast
beðnir að geta heimildir í slíkum tilvikum.

Nýja byggingareglugerðin

Bráðabirgðaákvæði fram-
lengt til 15. apríl

Umhverfis- og auðlindaráðherra tilkynnti 14. desember þá ákvörðun um að verða við kröfum Samtaka iðnaðarins og fleiri hagsmunaaðila um að framlengja bráðabirgðaákvæði 1 í nýrri byggingarreglugerð til 15. apríl 2013.


Vegna ágalla á mörgum ákvæðum reglugerðarinnar og óvissu við afgreiðslu leyfa á grunni undanþágunnar sem bráðabirgðaákvæðið heimilar höfðu Samtökin áður óskað eftir því í umsögn að fresturinn til að sækja um yrði framlengdur til 1. janúar 2014 hið minnsta.

Samtök iðnaðarins hafa beitt sér mjög fyrir því að byggingarreglugerðin verði endurskoðuð og meiri tími og vinna lögð í að gera hana sem best úr garði með samráði stjórnvalda og atvinnulífs. Því fagna Samtökin þessari ákvörðun ráðherra og því að skipaður verður vinnuhópur til að rýna í byggingarreglugerðina

og vinna að endurbótum á ýmsum ákvæðum hennar. SI gerir ráð fyrir að eiga fulltrúa í þessum vinnuhópi, enda hafa Samtökin verið leiðandi í að koma þeim breytingum á sem nú þegar hafa verið gerðar.

Ráðherra hefur nú ákveðið að koma til móts við þessar kröfur og hefur framlengt bráðabirgðaákvæðinu til 15. apríl. Samtökin hefðu óskað þess að þessi umfangsmesta reglugerð sem sett hefur verið á Íslandi hefði fengið lengri tíma í undirbúning. Með þessu móti gefst þó lágmarksráðrúm til frekara samráðs og jafnframt gefst hönnuðum og byggingaverktökum svigrúm til að laga sig að nýjum reglum.

Að mati SI er það afar brýnt að nýta þennan stutta tíma á eins markvissan hátt og unnt er.

63% af bókatitlum
prentaðir hér á
landi

Bókasamband Íslands hefur gert könnun á prentastað íslenskra bóka sem getið er í Bókatíðindum Félags ísl. bókaútgefenda 2012. Fjöldi titla sem prentaðir eru innanlands dragast saman um rúmlega 5 prósentustig milli ára en árið 2011 var 68% hlutfall á prentun bókatitla innanlands.

Heildarfjöldi prentaðra bókatitla er 675 í Bókatíðindunum í ár en var 690 árið 2011. Eftirfarandi listi sýnir fjölda bóka prentaðra í hverri heimsálfu og hlutfall af heild

	Fjöldi titla	%
Ísland	426	63,1
Asía	115	17,0
Evrópa	134	19,9
Samtals	675	100%

Skoðað var hvert hlutfall prentunar innanlands og erlendis er eftir flokkum. Þar kemur fram að stór hluti barnabóka er prentaður erlendis en það er m.a. vegna þess að samþent er algengt í útgáfu barnabóka þar sem prentað er sameiginlega fyrir mörg lönd.

Fræðibækur, bækur almenns efnis og listir eru alls 171; 109 (64%) eru prentaðar á Íslandi og 62 (36%) prentaðar erlendis.

- Skáldverk, íslensk og þýdd, eru 193; 171 (89%) prentuð á Íslandi og 22 (11%) prentuð erlendis.
- Saga, ættfræði, ævisögur, handbækur, matur og drykkur eru alls 101; 68 (67%) prentaðar á Íslandi og 33 (33%) prentaðar erlendis
- Barnabækur, íslenskar og þýddar, eru alls 210; 78 (37%) prentaðar á Íslandi og 132 (63%) prentaðar erlendis.

Jóladagatal
vísindanna

Verkfræði- og náttúruvísindasvið HÍ stendur fyrir jóladagatali vísindanna sem ætlað er að glæða áhuga yngri kynslóðarinnar á undrum raunvísinda og verkfræði. Um er að ræða stutt myndbönd með skemmtilegum tilraunum í efnafræði, eðlisfræði og verkfræði sem auðvelt er að framkvæma í heimahúsum.

Vinna við myndböndin hefur staðið yfir í haust en nemendur í eðlisfræði,

umhverfis- og byggingarverkfræði, líf-efnafræði og efnafræði, þar á meðal úr Sprengjugönginu, sjá um að kynna tilraunirnar. Myndböndin birtast á tímabilinu 12. - 24. desember líkt og jólasveinarnir birtast þau svo eitt af öðru á hverjum degi fram á aðfangadag jóla á vef Verkfræði- og náttúruvísindasviðs.

Myndböndin eru ætluð krökkum á öllum aldri og markmiðið er að auka áhuga þeirra raunvísindum og verkfræði með það fyrir augum að fjölga nemendum í þeim greinum til framtíðar. Samtök iðnaðarins styrku gerð myndbandanna. Ætlunin er að jóladagatalið verði árlegur viðburður.

Aldarminning Kristjáns
Friðrikssonar iðnrekanda

Málþing um Kristján Friðriksson iðnrekanda sem flestir kannast við undir nafninu Kristján í Última var haldið 9. nóvember. Kristján stofnaði Verðlaunasjóð iðnaðarins og lét mikið að sér kveða í íslensku atvinnulífi og stjórnárum.

Málþingið var aldarminning um Kristján sem var mikill hugsuður, en á þinginu var fjallað um hugmyndir hans um iðnað, kvótakerfið, menntun og hagfræði.

Málþingið um Kristján er dæmi um hvernig hægt er að draga fram fyrirmyndir í iðnaði og sýna ungmennum að iðnmenntun býður upp á marga og fjölbreytta starfsmöguleika sem leiða til nýsköpunar og eflingu atvinnulífsins.

Erindin á málþinginu er að finna á www.kf.is.



Hægir á hagvexti og óvissa framundan

Efnahagsbatinn hér á landi hefur verið ofmetinn og hagvöxtur á þessu ári verður minni en áður var talið. Þrátt það er vöxtur hér nokkru meiri en víðast hvar í nágrannalöndum okkar þar sem horfur eru óvissar. Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur SI, fjallar um efnahagsþróun á þessu ári og rýnir í horfur næsta árs.

Hagvöxtur fyrstu 9 mánuði ársins var 2% miðað við sama tímabil í fyrra en það er nokkru minna en búist var við. Flestar hagspár hafa hingað til gert ráð fyrir að hagvöxtur í ár verði um 2,5% en af hagþróun síðustu 9 mánaða má ráða að þær munu varla rætast. Til að svo verði þarf hagvöxtur á síðasta ársfjórðungi þessa árs vera yfir 4%. Auk þess sem hagvöxtur, það sem af er ársins, er minni en búist var við bendir endurmat á hagvexti síðasta árs til að hann hafi verið 2,6% en ekki 3% eins og áður var talið. Af þessu er ljóst að efnahagsbatinn, frá því að botni kreppunnar var náð, er minni en áður var talið. Jafnframt eru aðstæður í alþjóðahagkerfinu viðkvæmar og líklegt að það geti haft neikvæð áhrif á efnahagsbatann hér á landi næstu misseri.

Einkaneysla drifkrafturinn

Fyrstu 9 mánuði ársins hefur einkaneysla aukist um 3,2% miðað við sama tíma í fyrra. Sú aukning vegur einna þyngst í hagvextinum. Hins vegar er ljóst að nokkurt bakslag er í einkaneyslunni sem er veigamesti þáttur landsframleiðslunnar. Gengi krónunnar hefur veikst umtalsvert frá miðju ári og það dregur jafnan úr einkaneyslu. Ennfremur er líklegt að áhrif sértækra aðgerða í þágu heimilanna fari minnkandi auk þess sem áhrif launahækkana undanfarið minnka eftir því sem frá líður. Þegar rýnt er í tillögur fjárlaga um stuðning við heimilin er ljóst að sértækar aðgerðir verða umtalsvert minni á næsta ári og því líklegt að einkaneysla flýti ekki fyrir efnahagsbatanum með sama hætti og undanfarið. Áfram verður heimilt að taka út sér eignarsparnað en áhrif þess á einkaneyslu verða líklega minni en sl. tvö ár.

Verðbólga, vextir og gengi

Í nóvember mældist verðbólga 4,5% og hafði aukist nokkuð frá miðju sumri. Á sama tíma hefur gengi krónunnar veikst nokkuð en það skýrir stóran hluta hækkunarinnar. Þótt verðbólga sé enn nokkuð yfir markmiði og verði um sinn er líklegt að vaxtastigi verði breytt á næstunni

nema kjarasamningum verði sagt upp og ólga á vinnumarkaði leiði til launahækkana umfram það sem um hafði verið samið. Frekari launahækkningar munu ýta undir hækkun vaxta. Hins vegar má ekki útiloka að vextir lækki ef þróun efnahagsmála snýst á verri veg, sérstaklega í alþjóðahagkerfinu en slíkt leiddi til versnandi viðskiptakjara hér á landi.

Fjárfestingar enn litlar þrátt fyrir vöxt

Algert hrun varð í fjárfestingu frá árinu 2009 og undanfarnin ár hefur fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu verið í sögulegu lágmarki eða um og yfir 12%. Þekkt er að fjárfesting dregst mikið saman í kjölfar fjármálakreppu. Fjárfesting hefur því dregist mikið saman í þeim ríkjum sem urðu illa úti í kreppunni, reynsla frá fyrri árum styður það. Það sem veikir stöðu Íslands í þessu samhengi er að skuldaförningur var bæði hröð og mikil í aðdraganda kreppunnar. Þegar hún svo skall á jukust skuldir mikið og við það dró mjög úr fjárfestingargetu. Þar á ofan hafa pólitísk óvissa og gjaldreyrishöft haft neikvæð áhrif á fjárfestingastigið.

Fjárfestingar einkageirans hafa samt sem áður aukist nokkuð og fyrstu 9 mánuði ársins jukust þær um 17,3% en fjárfesting opinberra aðila dróst hins vegar saman um 6,6%. Líkur eru á að hóflegur vöxtur verði áfram í fjárfestingum næstu misseri, aðallega í atvinnulífi og íbúðum en að lítil aukning verði í opinberri fjárfestingu. Þessi hægi vöxtur veldur því að fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu verður undir langtíma-meðaltali næstu árin.

Þokkaleg staða í alþjóðlegum samanburði

Þótt hagvöxtur hér á landi sé minni en búist var við er ljóst að í alþjóðlegum samanburði stöndum við nokkuð vel. Ef eingöngu er horft til þriðja ársfjórðungs nam samdráttur í heild sinni 0.6% innan Evrópusambandsins. Í Grikklandi, Portúgal og Slóveníu er alvarlegur samdráttur og í hinum stóru hagkerfum sambandsins ríkir stöðnun. Aðeins í Eyrstrasalts-



löndum og Svíþjóð er meiri vöxtur en hér á landi innan sambandsins. Að flestra mati eru horfur í alþjóðahagkerfinu afar óljósar. Ef hagþróun í alþjóðahagkerfinu versnar enn frá því sem nú er hefur það án efa umtalsvert áhrif hér á landi. Annars vegar er líklegt að viðskiptakjör versni, einkum ef afurðaverð á útflutningsvörum okkar fer lækkanandi. Hins vegar er líklegt að öll innlend fjárfesting, sem háð er erlendri lánsfjármögnun, verði mun erfiðari ef kreppan ágerist. Loks mun aukin alþjóðleg efnahagsóvissa ýta undir áhættufælni og draga almennt úr vilja til fjárfestinga og auka útgjöld en það gæti grafið undan efnahagsbata hér á landi.

Mikil óvissa

Þótt þokkalegur gangur sé nú í hagkerfinu ríkir mikil óvissa um þann hóflega efnahagsbata sem spáð er. Líklega er mest óvissa hvað varðar alþjóðlega efnahagsþróun sem mun ávallt hafa umtalsvert áhrif hér á landi. Mikil óvissa ríkir ennfremur um þróun gengis krónunnar og verðbólgu en hvort tveggja hefur áhrif á þróun stýrivaxta. Óljóst er hver niðurstaða kjarasamninga verður en þeir verða endurskoðaðir í janúar. Hins vegar er ljóst að svigrúm fyrirtækja til að hækka laun er mjög takmarkað, einkum í ljósi þess að stjórnmöndum ætla að ganga á bak orða sinna um að lækka atvinnu-tryggingagjald.

Forstjóri Fjarðaáls meðal fremstu kvenstjórnenda ársins



Janne Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls, hlaut nýlega Stevie-gullverðlaunin sem forstjóri ársins í hópi kvenna í atvinnurekstri í Evrópu, Mið-Austurlöndum og Afríku.

Janne hlaut verðlaunin fyrir þátttöku í uppbyggingu, eflingu og rekstri álvers Alcoa við Reyðarfjörð á þeim sex árum sem liðin eru frá því að hún gekk til liðs við Alcoa. Á þessum tíma hefur hún stjórnað mikilvægum umbótaverkefnum, lagt sig fram um að skapa öruggt vinnuumhverfi í álverinu og náð miklum árangri í að auka starfsánægju í fyrirtækinu. Hún hefur einnig tekið virkan þátt í að byggja upp samfélagið á Austurlandi.

Stevie verðlaunin eru alþjóðleg verðlaun sem veitt eru árlega þeim sem skara fram úr í stjórnun stofnana og fyrirtækja um allan heim. Rúmlega 200 stjórnendur sátu í dómnefndinni sem valdi Stevie gull-, silfur- og bronsverðlaunahafa ársins í ýmsum flokkum.

Ecotrophelia – samkeppni um þróun vistvænna matvara

Nýsköpunarkeppnin Ecotrophelia Europe, sem felst í þróun vistvænna matvæla, var haldin á SIAL matvælasýningunni í París í október. Þar kepptu sigurlið, úr sambærilegum landskeppnum, frá fimmtán löndum, þ.á.m. frá Íslandi. Dómarar í keppninni koma frá sömu löndum og keppnisliðin. Dómari fyrir Íslands hönd var Ragnheiður Héðinsdóttir, forstöðumaður matvælasviðs Samtaka iðnaðarins. Eins og greint var frá í mars/apríl hefti Íslensks iðnaðar var keppnin Ecotrophelia Ísland haldin í tengslum við Hönnunarsars. Þar báru sigur úr býtum þær Elín Agla Briem og Sigríður Anna Ásgeirsdóttir, nemendur í umhverfis- og auðlindafræði við HÍ fyrir vöruna Íslandus sem er frostþinni unninn úr mysu, bragðbættri með berjasafa og íslenskum jurtum.

Þær Elín Agla og Sigríður Anna voru landi og þjóð til sóma í Evrópukeppninni þó ekki kæmst þær á verðlaunapall. Lið Hollands sigraði með vöruna „Chef lupin“ sem er unnin úr gerjuðum lúpínubaunum. Hugmyndin er austurlensk að uppruna en afurðin löguð að vestrænum markaði.

Önnur verðlaun hlaut þýska liðið fyrir pakka með tilbúnum hráefnum í eplaköku með strádeigi sem unnin eru á nýstárlegan hátt með háþrýstimeðferð og í þriðja sæti varð lið Frakklands fyrir fljótandi eggjablöndu sem breytir afgangsbrauði í dýrindis brauðbúðing.



Íslensku keppendurnir kynna Íslandus



Góð eftirspurn eftir vörum og vilji til að auka útflutning

Haldinn var fjölmennur kynningarfundur á vegum Íslandsstofu á kortlagningarvinnu upplýsingatæknigeirans þar sem rúmlega áttatíu manns úr faginu mættu til að kynna sér helstu niðurstöður.

Íslandsstofa í samstarfi við Samtök upplýsingatæknifyrirtækja réðust í það metnaðarfulla verkefni að kortleggja greinina til að sjá hvar samstarfsfletir liggja út frá bæði gerð fyrirtækja og áhersluþáttum í markaðssetningu.

Útkoman er skýrsla sem Vilhjálmur Jens Árnason, verkefnisstjóri, kynnti á fundinum en efni hennar byggir á könnun meðal 70 fyrirtækja í greininni.



Góð eftirspurn er eftir vörum og þjónustu íslenskra upplýsingatæknifyrirtækja og 80% fyrirtækjanna telja að hægt sé að auka útflutning enn frekar. Ætla má að erlend umsvif þeirra fyrirtækja sem talað var við nemi um 37 milljörðum króna, en fyrirtækin selja vörur og þjónustu um allan heim og eru með starfsemi í 19 löndum. Fyrirtækin sem talað var við eru með um 3300 starfsmenn, en af þeim eru 2100 hér á landi. Íslendingar státa af góðum innviðum þegar kemur að upplýsingatækni. Tölvu- og internetnotkun er mikil, notuð er græn orka og öflug fyrirtæki hafa töluverða sérstöðu þegar kemur að hugbúnaðargerð í tengslum við grunnavinnuvegina. Fyrirtækin þykja hafa góða breidd í þekkingu og geta tekist á við fjölbætt vandamál. Starfsmenn eru fljótir að bregðast við og eru sveigjanlegir. Það sem helst torveldar að fyrirtæki geti aukið umsvifin er mannekla, gjaldeyrishöft og háir skattar.

Íslensku EGF húðdroparnir mest selda snyrtivaran hjá evrópskum flugfélögum

Íslensku EGF húðdroparnir frá Sif Cosmetics eru mest selda snyrtivaran í flugvélum Lufthansa, Air France og Swiss og í öðru sæti í vélum British Airways. Þessi árangur hefur náðst í samkeppni við heimsþekkt vörumerki eins og Estée Lauder, L'Oréal, Guerlain og La Prairie. Samkvæmt British Airways eru Húðdroparnir eitt besta dæmið um velheppnaða markaðssetningu um borð í vélum félagsins.

Sala húðdropanna hófst erlendis fyrir aðeins tæpum tveimur árum, undir vörumerkinu BIOEFFECT. Þeir eru nú seldir í mörgum virtustu snyrtivöruverslunum Evrópu, meðal annars í Selfridges og Harvey Nichols í London, La Rinascente í Milanó og Colette í París og í á annað hundrað verslunum um alla Evrópu. Í Colette, einni frægustu lífstílsverslun Parísar, eru húðdroparnir mest selda snyrtivaran frá upphafi.





Stefnumótunarfundur FÍG



Félag íslenskra gullsmiða hélt stefnumótunarfund í Borgarnesi með aðstoð SI.

Dagskrá fundarins var þétt og á sólarhring var mótuð stefna félagsins til næstu 5-7 ára.

Horft var til ársins 2017 og framtíðarsýninni lýst í nokkrum köflum sem lýsa þeim árangri sem greinin stefnir sam-eiginlega að og þeim forsendum sem þurfa að vera fyrir hendi til að sá árangur verði að veruleika.

Með framtíðarsýnina að leiðarljósi voru skilgreind áhersluverkefni sem greinin ætlar að vinna að á næstunni. Helstu verkefni eru:

- Samstarf um fræðslu fyrir almenning um eðalmálma - fréttatilkynningar og auglýsingar
- Öflug markaðssetning gegnum vefsíðu FÍG
- Eftirfylgni stefnumótunar - verkefnastjórnun
- HönnunarMars - viðurburður FÍG
- Fagskírteini FÍG - vörulýsing
- Bæklingur FÍG á ensku fyrir hótél og Leifsstöð
- Aukið eftirlit með ófaglærðum
- Einfaldari útflutningsskýrslur - aukinn útflutningur
- Samvinna gullsmiða og hönnuða
- Samstarf FÍG við systursamtök erlendis

Við hjá Félagi íslenskra gullsmiða þökkum Davíð Lúðvíkssyni og og Sigurði B. Halldórssyni hjá SI fyrir aðstoðina og mælum eindregið með því að félög innan SI taki þátt í slíkri stefnumótun fyrir sitt félag.

Takk fyrir okkur.

Arna Arnardóttir, formaður FÍG

Mjög góð reynsla af endurgreiðslu rannsókn- og þróunarkostnaðar



Morgunfundur SI, SSP, HSV og Rannís um reynslu og fyrirkomulag endurgreiðslu rannsókn- og þróunarkostnaðar fór fram 21. nóvember. Fundurinn var vel sóttur af 55 fulltrúum fyrirtækja sem hafa nýtt sér fyrirkomulagið eða hafa það í hyggju.

Sigmar Guðbjörnsson, framkvæmdastjóri Stjórnun-Odda og formaður SSP og Kristín Guðmundsdóttir hjá Saga Medica ræddu í inngangserindum um reynslu þeirra fyrirtækja af fyrirkomulaginu og hvað mætti betur fara. Í aðdraganda fundarins höfðu fyrirtæki innan SI verið spurð sömu spurninga.

Fyrirtækin gáfu einróma þau svör að reynslan af þessu fyrirkomulagi væri mjög góð og skipti í raun sköpum fyrir þróunarstarf fjölda fyrirtækja.

Hins vegar komu fram ýmsar ábendingar og tillögur til úrbóta sem ræddar voru á fundinum. Í tengslum við skattaskil ársins 2011 höfðu vaknað ýmsar spurningar hjá fyrirtækjunum og end-

urskoðendum þeirra varðandi framkvæmd og uppgjörsmál.

Sigurður Björnsson, frá Rannís sat fyrir svörum. Hann benti á að í handbók sem fylgdi fyrirkomulaginu væri leitast við að svara ýmsum þeim spurningum sem koma upp í tengslum við umsóknir og framkvæmdaferlið. Hún væri í stöðugri endurskoðun og reynt væri að færa til bókar þær skýringar og umbætur sem smátt og smátt hefðu verið að byggjast upp í ferlinu.

Sama gildir um umsóknarvefinn og samskiptaferlið, en þar væri einnig mikilvægt að umsækjendur sjálfir vönduðu gerð umsókna og tryggðu sem best sjálfir réttar upplýsingar. Samhæfing gagna og upplýsinga við RSK þyrfti að skoða vel, en þar kæmu einnig til skoðunar tengsl við upplýsingalög aðrar kröfur við skattaskil.

Sjá nánar www.rannis.is/skattavilnun

Kínversk útgáfa EVE Online

Fyrir mánuðinum kom út kínversk útgáfa fjölspilunarleiks CCP EVE Online. Útgáfan er liður í samstarfi CCP og TianCity, eins stærsta framleiðanda og dreifingaraðila tölvuleikja í Kína, við endurútgáfu og markaðssetningu leiksins fyrir Kínamarkað.

Í tengslum við útgáfu EVE Online í Kína í samvinnu við TianCity, og velgengni nýjustu viðbótar leiksins, Retribution, sem kom út í síðustu viku, hefur CCP slegið nýtt met í fjölda áskrifenda EVE Online. Í fyrsta sinn í níu ára sögu leiksins hefur fjöldi áskrifenda hans farið yfir 450.000.



Íslensk iðnfyrirtæki munu bera stærstan hluta vörugjalda á matvæli

Samtök iðnaðarins mótmæla fyrirhugaðri hækkun á vörugjöldum

Samkvæmt nýju frumvarpi um breytingu á lögum um vörugjald og tollalög er lagt til að vörugjöld á matvæli grundvallast á sykurinnihaldi þeirra. Samtök iðnaðarins deila ekki þeirri skoðun, sem fram kemur í frumvarpinu, að skattlagning sykurs sé vænleg leið til að breyta neysluvenjum þjóðarinnar. Ákveði ríkisvaldið hins vegar að afla tekna með sérstakri skattlagningu matvæla geta SI tekið undir það sjónarmið að skattlagning alls sykurs sé sanngjarnari leið en sú sem nú er við lýði að því gefnu að takist að leggja sambærileg gjöld á sykur í tilbúnum vörum og á sykur sem hráefni.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í umsögn Samtakanna um frumvarpið.

Breytt fyrirkomulag við innheimtu vörugjalda af sykrudum matvælum breytir ekki þeirri staðreynd að íslensk iðnfyrirtæki munu bera stærstan hluta vörugjalda á matvæli. Framkvæmd kerfisins sem lagt er til í frumvarpinu er afar flókin og því skiptir öllu að vandað verði til uppskiptingar tollskrárnúmera og álagningar á tilbúnaðar vörur til að komast hjá mismunun milli framleiðenda og vörutegunda. Eins og frumvarpið er lagt fram hefur þetta alls ekki tekist.

Til að koma í veg fyrir framangreinda mismunun er bæði framleiðendum og

innflytjendum boðið upp á tvær leiðir til að standa skil á vörugjaldinu. Hugmyndin er góðra gjalda verð en gallinn er sá að framleiðendur eru mjög misjafnlega í stakk búinir til að nýta sér þessa valkosti. Í því samhengi benda SI sérstaklega á minni fyrirtæki eins og bakarí sem hingað til hafa ekki þurft að standa skil á vörugjaldi nema að takmörkuðu leyti.

Eins og frumvarpið er lagt fram er ljóst að sykurinn kostar mun meira sem hráefni til framleiðslu heldur en innihald í fullunninni vöru. Því er óhjákvæmilegt að fara rækilega yfir viðauka með vörugjaldslögum og lagfæra þessi hlutföll þar sem þess er þörf. SI leggja til að tíminn fram að gildistöku laganna verði nýttur til þeirrar vinnu og eru tilbúin að taka þátt í þeirri vinnu.

SI leggja áherslu á mikilvægi þess að draga úr flækjustigi framkvæmdarinnar eins og mögulegt er og telja að besta leiðin til þess sé að sjá til þess að öll innheimta fari fram hjá tollinum en hvati til að framleiðendur innheimti sjálfir og skili vörugjöldum verði í lágmarki.

Samtökin lýsa yfir vanþóknun á starfi hins svokallaða starfshóps um endurskoðun vörugjalda á matvæli. Fagþekking þátttakenda í hópnum var ekki nýtt til að ná fram faglegri umræðu um markmið og leiðir við álagningu vöru-

gjalda á matvæli. Þess vegna er þessi breyting á kerfinu ekki eins vel undirbúin og hægt hefði verið.



Málm- og véltækniíðnaður mótar stefnu sína til næstu ára

MÁLMUR lauk öðru sinni stefnumótun til næstu sjö ára í nóvember. Áður hafði slík vinna farið fram 2003 og síðan þá unnið eftir henni að framþróun í greininni. Við upphaf fundarins var mat lagt á hvað hefði áunnist frá fyrri stefnumótun og voru fundarmenn einhuga um að á mörgum sviðum, sem þá voru skilgreind, hafi náðst verulegur árangur. Rök voru færð fyrir því að stefnumörkunin og eftirfylgni í framkvæmd hefði átt ríkan þátt í þessari jákvæðu þróun.

Slíkt gerist ekki af sjálfu sér og miklu skiptir að hagsmunafélög eins og MÁLMUR vinni áfram á þeirri braut. Afrakstur fundarins verður kynntur á almennum félagsfundi og stefnumálin væntanlega staðfest. Þá mun liggja fyrir hvaða verkefni verða efst á baugi hjá félaginu næstu sjö árin.

GERT -

Grunnmenntun eflð í raunvísindum og tækni er aðgerðaráætlun sem ætlað er að auka áhuga 10-15 ára grunnskólanema í raunvísindum og tækni.

Starfshópur á vegum mennta- og menningarráðuneytisins, Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Samtaka iðnaðarins hefur undanfarna mánuði unnið að gerð áætlunarinnar og er hún aðgengileg á www.si.is.



Samtök mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja hafa tekið saman upplýsingabækling um mjólkur- og kjötvinnslu á Íslandi. Bæklingurinn er vistaður rafrænt á www.si.is



Vinnustaðanámsjóður

Mennta- og menningarmálaráðuneytið auglýsir eftir styrkumsóknum vegna vinnustaðanáms fyrir námssamninga á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2013. Umsóknarfrestur er til 10. janúar.